

Priðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 466/1993.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Jósef Gunnari Ingólfssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. júlí 1993. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist sækjandi þess, að héraðsdómur yrði staðfestur.

Með hliðsjón af fram lögðu áverkavottorði og framburði vitna og ákærða er sannað, að ákærði hrinti Magneu Porfinnsdóttur umrætt sinn og greiddi henni hnefahögg í andlit, þótt eigi verði fullyrt, að þau hafi verið mörg, eins og í ákæruskjali segir. Ákærði hefur því gerst sekur um líkamsárás, og varðar hún við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jósef Gunnar Ingólfsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. maí 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 27. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-226/1993: Ákærvaldið gegn Jósef Gunnari Ingólfssyni, sem tekið var til dóms 14. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. apríl sl., á hendur ákærða, Jósef Gunnari Ingólfssyni, fæddum 19. desember 1947, fæðingarnúmer 493, „fyrir líkamsárás með því að hafa að kvöldi laugardagsins 25. júlí 1992 að Hverfisgötu 74 í Reykjavík slegið Magneu Þorfinnsdóttur, fædda 10. apríl 1942, mörg hnefahögg í andlit með þeim afleiðingum að hún fékk blóðnasir og marðist um bæði augu og í andliti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá krefst Magnea Þorfinnsdóttir þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð kr. 20.000“.

Málavextir.

Laugardaginn 25. júlí sl. kl. 23.31 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um að kona hefði orðið fyrir árás að Hverfisgötu 74. Lögreglumenn fóru á vettvang og höfðu tal af tilkynnanda, Elfu Sigurðardóttur, kt. 190363-3339, og vísaði hún þeim á íbúð Huldísar Þorfinnsdóttur, systur kæranda. Segir í lögregluskýrslu að Huldís hafi verið lítillega blóðug í andliti, miður sín og fót hennar rifin og tætt. Kærandi, Magnea Þorfinnsdóttir, var einnig í íbúðinni og segir í lögregluskýrslu að hún hafi verið alblóðug og bólgin í andliti og mjög ölvuð og æst. Lögreglumenn höfðu tal af ákærða, sem sat í stofu íbúðarinnar og kvað hann systurnar hafa verið að slást. Segir í lögregluskýrslu að hann hafi verið inntur eftir rispum og blóði á hnúum handa hans og hafi hann þá viðurkennt að hafa slegið systurnar. Ákærði var handtekinn og færður í fangageymslur lögreglunnar og kærandi var færð á slysa-deild Borgarspítalans og síðan í fangageymslur.

Í læknisvottorði Guðna Arinbjarnar læknis vegna kæranda segir svo m.a.:

„Við skoðun er sjúklingur talsvert blóðug í framan og á höndum og fótum, er ósamvinnuþýð, svarar ekki spurningum og neitar skoðun, er talsvert marinn í andliti og með blóð í nefi. Ekki þó sár í andliti en glóðaraugu byrjandi beggja vegna. Gengur sjálf, en greinilega talsvert ölvuð. Þetta er álitid vera mar. Lögregluþjónum ráðlagt að líta til sjúklings annað slagið í klefa. Sjúklingur útskrifaður og hefur ekki komið á slysadeild eftir þetta.“

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að sér hafi verið boðið heim til kæranda

og systur hennar umrætt sinn en ákærði kvaðst ekki muna hvað klukkan var þegar hann kom þangað. Ákærði kvaðst hafa verið beðinn um að útvega áfengi, og kvaðst ákærði hafa gert það og kvað þau hafa drukkið eina hvítvínflösku.

Ákærði taldi, að kærandi hefði verið undir miklum áfengisáhrifum, og hefði hún sennilega drukkið meðan ákærði fór að afla áfengis. Ákærði kvað að kærandi hefði byrjað að ráðast á ákærða og systur sína með því að grýta í þau hlutum. Ákærði kvaðst hafa borið hönd fyrir höfuð sér og neitar að hafa slegið hana. Ákærða voru sýndar myndir af kæranda. Ákærði kannaðist ekki við að þessir áverkar væru af sínum völdum og taldi kæranda hafa fengið áverkana við það að hlaupa á hluti. Ákærði kannaðist við að hafa hrint kæranda frá sér en taldi ósennilegt að kærandi hefði fengið þessa áverka við það.

Aðspurður, hvers vegna kærandi kastaði til hlutum, svaraði ákærði því til, að um einhverja rimmu hefði verið að ræða á milli systranna.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa viðurkennt fyrir lögreglu að hafa slegið kæranda.

Ákærði kvaðst aldrei hafa sagt lögreglu að hann hafi slegið báðar systurnar. Ákærði kannaðist við að hafa klifrað upp vinnupalla til að komast inn í íbúðina einhverju sinni, en ákærði kvað að hann hafi þá verið beðinn um það.

Ákærði kvað báðar systurnar hafa beðið sig að kaupa áfengi.

Ákærði neitaði að hafa hrint og kýlt Huldísi umrætt sinn.

Ákærði kvaðst samþykkur skaðabótakröfu kæranda, en tók fram að hann væri með því móti ekki að viðurkenna sök í máli þessu.

Ákærði kvaðst hafa boðið fram greiðslu, en kærandi hefði ætlað að hafa samband við sig vegna þessa en ákærði kvaðst ekkert hafa heyrt frá henni um skaðabótakröfuna.

Vitnið Huldís Þorfinnsdóttir, kt. 100255-7669, Hverfisgötu 74, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að hún hefði kynnst ákærða, og voru þau saman í fyrstu en síðan kvaðst vitnið hafa reynt að koma ákærða í skilning um að það vildi ekkert meira með hann hafa. Vitnið kvað ákærða hafa komið á heimili þess í tíma og ótíma og ef ekki var opnað kom hann inn um glugga. Vitnið minnti, að ákærði hefði komið með þessum hætti inn í íbúðina umrætt kvöld, en kvaðst þó ekki geta fullyrt það. Vitnið kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis og tók fram að það myndi atburði frekar illa, enda nokkuð langt um liðið. Vitnið mundi ekki hvort ákærði kom með áfengi með sér og þá mundi vitnið ekki eftir því að ákærði hefði eldað mat.

Vitnið kvað ákærða hafa neitað að fara, og kvaðst vitnið hafa reynt að

koma honum út, en hann hefði þá farið að berja vitnið. Vitnið kvað systur þess hafa verið ósátta við þetta og hefði hún ætlað að skakka leikinn en þá hefði ákærði lúbarið hana. Vitnið kvað þær systur ekki hafa rifist þetta kvöld.

Aðspurt, hvernig ákærði réðst á systur vitnisins, sagðist vitnið ekki hafa séð betur en ákærði kýldi hana í andlitið. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að systir þess hefði hent hlutum þetta kvöld, en það hefði áður komið fyrir.

Aðspurt um misræmi í framburði vitnisins hjá lögreglu og fyrir dómi um það hvernig ákærði kom á heimili þess, kvaðst vitnið hafa munað þetta atvikið betur þegar lögregluskýrslan var tekin. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því, að ákærði hefði sótt áfengi eftir að hann kom, en þvertók ekki fyrir að svo hafi verið.

Vitnið kvað ekkert hafa séð á sér, en hugsanlega hefði verið blóð systur vitnisins á því. Vitnið kvaðst ekki hafa farið í læknisskoðun.

Kærandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hún hefði umrætt sinn verið við áfengisneyslu ásamt systur sinni og tók fram að á þessu tímabili neytti hún áfengis í þó nokkru magni og kvaðst hún hafa verið undir talsverðum áfengisáhrifum. Kærandi kvaðst hafa sofnað og síðan vaknað við læti í íbúðinni. Kvaðst hún hafa farið fram og séð ákærða lumbra á systur sinni. Hún taldi ákærða hafa komið óboðinn inn en tók fram að hún var sofandi þegar hann kom.

Kærandi kvað ákærða hafa viljað sofa hjá Huldísi, sem ekkert hefði viljað með hann hafa. Hún kvaðst hafa ráðist á ákærða og systir vitnisins hefði þá sloppið fram á gang, en þá hefði ákærði lamið kæranda í andlit og víðar.

Kærandi kvað ákærða ekki hafa komið með áfengi með sér. Þá mundi hún ekki eftir að ákærði hefði eldað mat.

Hún kvaðst hafa lamið til ákærða en kannaðist ekki við að hafa dottið og rekið sig á.

Kærandi kvaðst hafa verið sett í fangageymslu eftir þetta og taldi tilganginn hafa verið þann að hún væri til reiðu þegar tekin væri skýrsla af henni.

Kærandi mundi ekki eftir því að hafa kastað hlutum í systur sína enda hefði samband þeirra verið frekar gott á þessum tíma.

Hún kvað ákærða hafa lagt að sér að draga kærana til baka og hafi hann talað um að kæra gæti komið sér illa fyrir hann og jafnframt gæti það komið sér illa fyrir kæranda og skildi hún þetta sem hótun af hans hálfu. Hún kvaðst hafa lagt fram skaðabótakröfu þegar hún var yfirheyrð hjá lögreglu og kvaðst halda fast við hana, en tók fram að hún var ekki að vinna á þessum tíma og fór fram á að litíð yrði á kröfuna sem miskabótakröfu.

Kærandi kvað ákærða hafa boðið sér greiðslu og hefði greiðslan verið bundin því skilyrði að kærandi drægi kærana til baka en hún kvaðst hafa hafnað þessu.

Kærandi kvað ekki rétt í lögregluskýrslu þar sem talað er um að um margítrekaðar líkamsárásir af hálfu ákærða gagnvart henni sé að ræða. Hún kvað ákærða aldrei hafa gert sér neitt áður.

Kærandi kvaðst hafa verið illa fyrirkölluð um morguninn, þegar skýrslan var tekin, vegna drykkju og meiðsla sinna.

Vitnið Elfa Kristín Sigurðardóttir, kt. 190363-3339, Hverfisgötu 74, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það búi í íbúð beint á móti Huldísi Þorfinnsdóttur.

Vitnið kvað, að barið hefði verið hjá sér, og kvaðst vitnið hafa farið til dyra, og stóð Huldís þar fyrir utan grátandi og sagði, að einhver væri að drepa systur sína. Vitnið kvaðst hafa boðið Huldísi inn og hringt á lögreglu og síðan kvað vitnið að Huldís hefði hringt dyrabjöllu á íbúð sinni og hafi ákærði þá opnað og kvaðst vitnið hafa séð Magneu inni í íbúðinni þar sem hún hélt höndum fyrir andlit sér og var blóðug. Vitnið kvaðst ekki hafa séð átök en kvaðst áður hafa heyrt dynki og læti en kvaðst ekki hafa séð ástæðu til að hafast neitt að vegna þess.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð blóð á Huldísi en kvað hana hafa verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið kvað hljóðbært milli íbúða en kvað þetta eina skiptið sem vitnið varð vart við áflog.

Vitnið kvaðst ekki geta borið um það, hvort áflog hefðu verið milli systuranna.

Vitnið tók fram, að áður en Huldís barði hjá vitninu, hefði það ekki heyrt nein þau hljóð úr íbúð hennar sem vitnið tengdi við handalögmál.

Vitnið Bjarni Ólafur Magnússon lögreglumaður, kt. 040463-3999, skýrði svo frá fyrir dómi, að lögreglan hefði fengið tilkynningu um háreysti og grun um átök í íbúð við Hverfisgötu. Vitnið kvað lögreglumenn hafa farið á vettvang, og hefði þeim verið bent á íbúð, þar sem ákærði sat í stofu í nærbuxum einum fata. Höfðu þeir tal af húsráðanda er tjáði þeim málavexti og voru sýnilegar rispúr á stúlkunni og blóð. Systir hennar var inni í íbúðinni, mjög bólgin, blóðug, grátandi og mjög æst. Virtist hún undir miklum áfengisáhrifum. Vitnið kvað ekki hafa verið sjáanleg áfengisáhrif á húsráðanda en hún hafi verið miður sín. Vitnið kvað systur hennar hafa sagt ákærða hafa barið sig, og kvað vitnið, að þeir hefðu rætt við ákærða, sem í fyrstu hefði skeytt því litlu og sagt þær systur hafa verið að slást. Er ákærða var bent á ákomur á handarbökum hans, viðurkenndi hann að hafa slegið þær

báðar, en talaði um að þetta væri ekkert mál. Vitnið kvað ákærða hafa sýnt mótþróa við handtöku og var hann handjárnaður og færður á lögreglustöð. Vitnið kvaðst ekki vita hver tók myndir af kæranda.

Vitnið kvað, að ekki hefði verið mikil óreiða í íbúðinni, þar hefði verið drasl, en ekkert brotið eða bramlað. Blóð hefði verið á vaski í baðherbergi og blóðkám á vegg og eitthvað hafi oltið til.

Vitnið kvað líklegt, að skýrsla hefði verið gerð í beinu framhaldi af atburði þessum og sé líklegt að yfirheyrandi hafi haft skýrsluna undir höndum.

Vitnið kvað blóðkám hafa verið á blússu Huldísar, en ekki mikið. Hún hefði verið vel viðræðuhæf, en ekki sjáanlega ölvuð.

Vitnið kvað, að sjáanlegar hefðu verið rispur í andliti Huldísar.

Vitnið kvað, að Magnea hefði setið í fangageymslu sökum þess, að hún var ölvuð og æst.

Vitnið ítrekaði að ákærði var blóðugur á höndum og rispaður.

Vitnið Ingólfur Bruun, kt. 050563-2869, lögregluþjónn, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði farið inn í umrædda íbúð og kvaðst hafa séð ákærða þar inni og þrjár konur. Hafi ein þeirra verið mjög illa farin í andliti. Vitnið kvaðst ekki muna eftir áverkum á hinum konunum. Vitnið kvað ákærða hafa setið í sófa í stofu í nærbuxum einum klæða og voru áverkar á höndum hans eða smárispur.

Vitnið kvað ákærða hafa sýnt mótþróa, og hefði hann verið handjárnaður og færður í lögreglubifreið. Vitnið mundi ekki eftir orðaskiptum við ákærða í íbúðinni en í lögreglubifreiðinni talaði ákærði um að handtaka hans væri mistök. Vitnið kvað ákærða hafa lýst sig saklausan af því að hafa lagt hendur á kæranda.

Vitnið kvað aðstæður í íbúðinni hafa verið þannig, að ekki hefðu verið bein merki um átök, en íbúðin hefði ekki verið snyrtileg. Vitnið kvað systrunum hafa borið saman um málsatvik, sem hefðu í stuttu máli verið þau, að ákærði hefði falast eftir samförum við húsráðanda, sem hefði hafnað því, og þá hefði ákærði hafið barsmíðar gagnvart henni en kærandi farið að skipta sér af og því orðið fyrir árás af hálfu ákærða.

Vitnið kvað kæranda hafa verið töluvert ölvaða og æsta en húsráðandi hefði verið vel viðræðuhæf og áfengisáhrif ekki sjáanleg á henni.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð áverka á Huldísi og kvað að rætt hefði verið við hana áður en lögreglumennirnir fóru inn í stofu. Vitnið tók fram að það myndi ekki skýrt eftir atvikum, en mundi ekki betur en þriðja konan hefði talað við lögreglumennina inni í eldhúsi þegar þeir ræddu við kæranda.

Vitnið kvað ekki hafa blætt úr hrufli því, sem var á höndum ákærða.

Vitnið Gunnar Thoroddsen, kt. 301069-5619, laganemi, skýrði svo frá fyrir dómi að lögreglan hefði verið kvödd að húsi við Hverfisgötu og var þeim tjáð að þar hefðu átök átt sér stað. Hafi verið haft tal af húsráðanda, sem var úfin og greinilegt var að eitthvað hafði gengið á. Vitnið kvað að áfengisáhrif hefðu ekki verið greinileg á henni. Lögreglumönnum var tjáð, að ákærði hefði lamið konurnar og er inn í íbúðina var komið sá vitnið kæranda, sem hélt höndum um andlit sér, og var hún grátandi og blóðug í andliti.

Vitnið kvað ákærða hafa setið í sófa inni í stofu og er hann var spurður hvort hann hefði lamið konurnar neitaði hann því og sagði þær hafa verið að slást.

Vitnið kvað ákærða hafa verið með sár á hnúum og er honum var bent á það varð hann vandræðalegur og játaði að hafa slegið þær. Var ákærði handtekinn og eftir að hafa sýnt mótþróa, var hann handjárnaður og færður í lögreglubifreið.

Vitnið kvað kæranda hafa verið færða í fangageymslu eftir að hafa verið færð til skoðunar á slysadeild en hún var ölvuð og æst.

Vitnið kvaðst ekki hafa rætt við systurnar um aðdraganda atburða. Vitnið kvað, að íbúðin hefði ekki borið merki um, að hlutum hefði verið kastað til, en blóðsletta hefði verið á vegg, íbúðin sóðaleg og drasl í henni.

Aðspurt hverjir voru viðstaddir þegar ákærði viðurkenndi að hafa lamið konurnar, segir vitnið að auk þess hefðu þeir Bjarni Ólafur og Ingólfur átt að hafa heyrt þetta. Vitnið kvaðst ekki geta skýrt hvers vegna Ingólfur gat ekki staðfest þennan framburð.

Vitnið kvaðst ekki muna eftir áverkum á Huldísi.

Vitnið kvaðst ekki vita hver tók myndir af kæranda.

Vitninu voru sýndar ofangreindar myndir og kvað vitnið vel geta staðist að kærandi hefði verið svona útlítandi, er vitnið kom á vettvang.

Vitnið kvaðst hafa heyrt ákærða tala um að konurnar hefðu verið í átökum og sagðist ákærði hafa verið að skilja þær að.

Vitnið Baldur Gautur Baldursson, kt. 221171-4899, guðfræðinemi, skýrði svo frá fyrir dómi, að lögreglumenn hefðu verið kallaðir á vettvang umrætt sinn, og hefðu þeir farið inn í íbúð, eftir að hafa talað við tilkynnanda, og var þeim tjáð að átök hefðu átt sér stað. Vitnið kvaðst hafa séð húsráðanda, sem vitninu fannst ekki sérstaklega illa útlítandi, en vitnið tók fram að það myndi þetta atriði ekki vel. Vitnið kvaðst hafa talað við systur húsráðanda, sem var töluvert bólgin og blóðug í framan, mjög æst og undir áfengisáhrifum. Vitnið kvaðst ekki hafa talað við ákærða og ekki hafa tekið þátt í handtöku hans.

Vitnið kvað kæranda lítið hafa getað tjáð sig um málsatvik af neinni skynsemi. Vitnið kvað frekar ruslaralegt hafa verið inni í íbúðinni.

Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt talað um, að systurnar hefðu lent í átökum.

Niðurstaða.

Ákærði hefur ekki kannast við að hafa slegið kæranda og telur hana hafa hlotið áverka við að hlaupa á hluti í íbúðinni. Ákærði hefur hins vegar kannast við að hafa hrint kæranda, en telur ólíklegt að kærandi hafi hlotið áverka við það. Þegar virtur er framburður kæranda og systur hennar svo og önnur gögn málsins, verður að telja sannað að ákærði sé valdur að áverkum þeim er kærandi hlaut. Urðu afleiðingar árásarinnar slíkar að brot ákærða varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1974 til 1990 hlotið 5 dóma fyrir umferðarlagabrot. Þann 15.05.91 var ákærði dæmdur í 4 mánaða varðhald, þar af 2 mánuðir skilorðsbundnir í 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Hann var jafnframt sviptur ökuleyfi ævilangt. Auk þessa hefur ákærði 7 sinnum sæst á sektagreiðslur, aðallega fyrir brot gegn áfengislögum. Ákærði hefur nú rofið skilorð ofangreinds dóms, og ber því með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga að taka upp skilorðshluta dómsins og dæma með þessu máli. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga varðhald í 3 mánuði.

Skaðabætur.

Kærandi, Magnea Porfinnsdóttir, kt. 100442-3969, hefur krafist þess að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta að fjárhæð kr. 20.000. Ákærði hefur samþykkt kröfuna og þar sem henni þykir í hóf stillt verður hún tekin til greina.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 25.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hrafnkels Ásgeirssonar hrl., 40.000 krónur.

Elín Vigdís Hallvarðsdóttir, deildarlögfræðingur hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, flutti mál þetta af hálfu ákærvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jósef Gunnar Ingólfsson, sæti varðhaldi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Magneu Þorfinnsdóttur, kt. 100442-3969, kr. 20.000 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun er renni í ríkissjóð, 25.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hrafnkels Ásgeirssonar hrl., 40.000 krónur.
